

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
á Skagaströnd, fimmtudaginn 14. apríl 2011, kl. 18.00**

Mætt voru: Björg Baldursdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Guðný Kjartansdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Úthlutun verkefnastyrkja

Umsóknarfrestur um verkefnastyrki rann út 15. mars sl. Fyrir fundinum lágu 88 umsóknir þar sem sótt var um tæpar 60 milljónir í verkefnastyrki. Menningarráð samþykkti að veita styrki til 50 aðila, alls að upphæð 12.500.000 kr.

2. Úthlutunarhátíð

Samþykkt var að úthlutun verkefnastyrkja fari fram þriðjudaginn 3. maí kl. 17.00 í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi.

3. Drög að ársskýrslu fyrir árið 2010 og undirritun ársreiknings

Fyrir fundinum lágu drög að ársskýrslu fyrir árið 2010. Menningarráð samþykkti ársskýrsluna. Einnig lá fyrir endurskoðaður ársreikningur ársins 2010. Menningarráð staðfesti ársreikninginn með undirskrift sinni.

4. Nýr menningarsamningur

Niðurstaða er komin í gerð nýs menningarsamnings til þriggja ára, 2011-2013 og verður hann undirritaður á morgun, 15. apríl, í Ráðherrabústaðnum í Reykjavík. Af hálfu Norðurlands vestra mun formaður SSNV, Bjarni Jónsson, undirrita samninginn. Einnig verða formaður menningarráðs og menningarfulltrúi viðstaddir undirritun. Menningarráð fagnar undirritun nýs samnings.

5. Önnur mál

Þann 5. maí nk. rennur út þriggja ára rekstrarleigusamningur við Lýsingu um bifreið og verður bifreiðinni þá skilað. Fyrir fundinum lágu drög að árssamningi við Bílaleigu Akureyrar um leigu á bifreið. Við þessa breytingu lækkar fastur rekstrarkostnaður bifreiðar um þriðjung. Menningarráð samþykkti samningsdrögin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 23.00.

Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.